

Námsáætlun íslenska - 4. bekkur
skólaárið 2017 – 2018



Kennari: Jónína Holm og Magnús S. Guðmundsson.

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> *Geti flutt mál sitt eins skýrt og áheyrilega og kostur er *Geti flutt ljóð og endursagt sögur *Þjálfist í rökræðum sem og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir og brugðist við á viðeigandi hátt *Geti nýtt sér fjölmiðla og tekið gagnrýna afstöðu til fjölmiðlaefnisins *Beri virðingu fyrir móðurmáli sínu sem og móðurmáli annarra 	<p>Unnið verður heildrænt með tal, hlustun, lestur og ritun. Ennfremur verða sértækir þættir móðurmálsins fléttaðir inn í þar sem við á, svo sem hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, virkjar ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýninna hugsunar. Margs konar textabrot verður lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður á margs konar hátt, jafnt sem vinnu með orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi. Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.</p>	<p>Virgni og samvinna í tímum. Sýni háttsemi meðan samnemendur flytja mál sitt og taki þátt í rökræðum með rökstuðningi. Tileinki sér góðan orðaforða í ræðu og samtölum.</p>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> *geti lesið margvíslega texta af öryggi og skilningi *geti lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum *þjálfist í almennri leit að lestrarefni og upplýsingaleit *geti nýtt sér ritaðar, tölulegar og myndrænar heimildir 	<p>Samlestur verður sem áður og Pals lestrarþjálfun verður í byrjun október, samþætting við aðrar námsgreinar og ólíkir textar lesnir og ræddir. Í samlestri skiptast nemendur á að lesa upphátt og þjálfast þannig í upplestri, að lesa skýrt fyrir aðra, að hlusta og hafa hljóð fyrir þann sem les. Í heimalestri og samlestri þegar nemendur lesa fyrir kennara/starfsmenn og foreldra þarf að leggja áherslu á skýran framburð, með réttum áherslum og hreim (þar sem það á við) ásamt viðeigandi</p>	<p>Lesferill, lesfimiþróf og les- og orðskilnings próf verða samkvæmt stefnu skólans. Nemendur sem eru í stuðningskennslu geta tekið próf í námsveri ef sérkennari eða umsjónarkennari telja það henta nemanda betur.</p>

	*þjálfist í að meta íslenskan menningararf og menningu annarra þjóða	þögnum. Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.	
Ritun	<p>*sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi</p> <p>*þjálfist í að tileinka sér góðan orðaforða og geti beitt myndmáli</p> <p>*þjálfist í að skrifa helstu textategundir og þekki sérkenni þeirra</p> <p>*hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu</p> <p>*kunni að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi</p>	<p>Nemendur semja sögur og ljóð í vinnubók og lesa fyrir bekkjarfélaga sína við tækifæri. Nemendur semja og skrifa texta af ýmsu tagi í vinnubækur og læra ljóð.</p> <p>Nemendur þjálfra áfram grunnskript og innlagnir í tengiskrift. Áhersla verður lögð á að nemendur hafi hæfilegt bil milli stafa og orða, að skriftin sé jöfn við línu og að þeir geri sér grein fyrir mismunandi hæð stafa. Nemendur skulu temja sér vandvirkni við alla ritun. Nemendur æfa framsögn, tjáningu, flutning texta og samskipti í tímum.</p> <p>Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.</p>	<p>Vinnubækur, tjáning, frumkvæði, dugnaður, iðni, ábyrgð, samskipti og samvinna eru aðaláherslur í símati.</p> <p>Skriftarkönnun og sjálfsmat eru í lok anna auk þess er frágangur vinnubóka metinn.</p>
Málfræði	<p>*hafi gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og tileinki sér góðan orðaforða</p> <p>*þekki helstu málfræðihugtök og geti beitt þeim í umfjöllun um tungumálið</p> <p>*kunni að nýta sér upplýsingar um tungumál í ýmiss konar gagnasöfnum</p> <p>*geri sér grein fyrir að tungumál eru síbreytileg og þekki til nokkurra breytinga á íslensku sem nú eiga sér stað</p>	<p>Innlögn í málfræði- og stafsetningarreglum og eru þær æfðar með verkefnum. Nemendur vinna í vinnubækur og skrifa texta eftir upplestri. Fjallað um mismunandi sögugerðir, ljóð og leikrit (samtöl).</p> <p>Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.</p>	<p>Í málfræði og stafsetningu verða annapróf og símat, þ.e. kannanir með jöfnu millibili og lagt mat á vinnu nemenda yfir veturinn út frá hæfniviðmiðum.</p>

	*trúi á eigin málkunnáttu og rækti með sér áhuga á móðurmálinu		
<p>Námshöggn: Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, virkjar ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýnnar hugsunar. Margs konar textabrot verða lögð til grundvallar lestrarkennslunni og þau nýtt sem efniviður á margs konar hátt, jafnt sem vinnu með orðaforða, skilning og lestur af ýmsu tagi. Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur er við nám. Samlestur og Pals lestrarþjálfun verður í byrjun október, samþætting við aðrar námsgreinar og ólíkir textar lesnir og ræddir. Ýmsar lestrarbækur eftir getu hvers og eins sem og bækur af bókasafni skólans. Samlestur í t.d. Lesum meira saman og Óskasteinn, Skinna námsbók ofl. Skinna - verkefnabók 1 og Málrækt 1, Lesrún 2 og fjölbreytt verkefni til að þjálfna lesskilning sem og að auka færni í gagnlegum umræðum. Stafsetningaæfingar og sóknarskrift. Samþætt verkefni í tengslum við samfélagsræði, vinnubækur með samlestrarbókum og fjölrituð hefti. Ljóðsprotar og valin ljóð úr öðrum bókum. Krossgátur, stafarugl og innlagn orðaforða. Í skrift verður stuðst við Skrift 3 og Góður betri bestur auk þess verða æfingablöð.</p>			
<p>Lokanámsmat: Lagt verður fyrir stöðluð könnun í lesskilningi, Orðarún í október og svo annað heftið í apríl. Lesskilningskannanir frá skóla eru lagðar fyrir í september, janúar og maí. Íslenskukönnun frá kennara er í maí.</p> <p>Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			